

Kannski að maður byrji að spritta sig.

Sæl, veriði. Brautskráningarefni, kennarar, ættingjar “nær” og fjær.

Ég verð að byrja á að segja, að það gæti litið út fyrir að ég sé stressaður að tala fyrir framan fullan sal af fólki... Nei, bíddu, vitlaust blað.

Það gæti verið gaman að reyna að slá áhorfsmetið á youtube. Við þessa, eins og óhætt að sé að segja, sögulegu Covid – útskrift, “kóróna” – árgangurinn vorið 2020. Útskriftarmyndirnar gætu verið skrautlegar, allir með grímur og gleraugu eða skerma fyrir andliti. Held að það verði mjög flott!

Covid árið! Blendnar tilfinningar um þetta blessaða ár, sem fór með væntingum um frábæran nýjan áratug, sem breyttist í óvissu og tíma sem myndu breyta framtíð okkar allra í hegðun og breytingar á okkar hversdagslífi, sem við aðlögumst á degi hverjum.

Ég er semsagt að útskrifast af verknámsbraut í húsasmíði og það er svolítil saga að segja frá, að ég ákvað að fara AFTUR í skóla,

Ég er að vinna í smíðafyrirtæki uppá héraði, Tréiðjan Einir *blikk*. Vann þar í nokkur ár, hætti vegna, annara drauma. Þótt gengið hafi ágætlega á því sviði, þá komst ég að því, eftir nokkur ár í þeirri vinnu og tvær annir í skóla, að vera mikill áhugamaður á því sviði og fer fljótlega að stefna annað, Ég fer aftur að einbeita mér að smíðavinnu og ætlaði bara að láta það duga. Vinna og vinna og eignast reynslu í faginu, sem og ég gerði.

En einn daginn er vinnufélagi minn, að spurja mig útí það hvort það borgi sig ekki bara að hætta sem smíður og fara að vinna í álverinu á Reyðarfirði. Ég sagðist ekki vera maður til að ákveða það, því það heillaði mig ekki það mikið. En ég væri verkamaður og sagði honum bara að henda sér í það, ef hann vildi breyta til. Þá segir sami vinnufélagi, Smári Hlíðberg, við mig hvort ég vilji ekki bara fara í svokallað Raunfærnimat, sem myndi meta allt það sem ég hef unnið og ég fór að skoða hvað það væri, og fann það út.

Ég lét verða af því. Ég skal aðeins útskýra - Að til að fá út raunfærnimat, þurfti ég að gera sjálfsmat sem sent yrði á Austurbrú, sem myndi koma mér í samband við tvo kennara úr Iðnskóla Hafnarfjarðar og Tækniskólanum, og spurja mig út í allt það sem sjálfsmat mitt gaf upp, hvað ég kynni í faginu. Og ég hélt að þetta hafi farið svakalega illa. Spurður útí allt og beðin að útskýra aðferðir og reglur, og jafnvel látinn teikna upp hitt og þetta og það skannað inn og þeir fóru svo yfir þetta. Vil þakka Hrönn hjá Austurbrú fyrir hjálpina. Og það hjálpaði ekki mikið stressinu mínu að á meðan verið var að meta svör mín, þá segir Hrönn að daginn áður hafi strákur verið í sama mati og ég og sömu kennarar hafi ekki spurt hann að helmingnum miðað við hvað þeir spurðu mig mikið.

En þá kom í ljós að 66 vikur af 72 vikna starfssamningi væru metnar og auðvitað það sem ég hafði gert áður í skóla. En ég þurfti auðvitað að fara í allt

námstengt efni og aðallega bóklegt. Þannig að haustið 2018 byrjaði skólaganga mín aftur og þar tekur Jón Þorláks eða Nonni mig undir væng sinn, með meiru.

Það er ekki hægt að segja að ég hafi verið neitt svakalega virkur í félagslífi skólans, enda var það lítið. Nei djók! Kannski ekki þessa önnina. En að öðru. Þannig ég mæli eindregið með að fólk fari í raunfærnimat á sínu sviði ef það vill læra það svið, því það er mikil hjálp í þessu.

Og eftir þetta, þá get ég með sanni sagt að þetta svínvirkar.

Verknámið sem ég var í, sem þýðir einfaldlega, skóli og með vinnu. Læra verkþætti og venjur í skóla og sjá hvernig það er á vinnumarkaði, er í rauninni barns síns tíma. Þetta eru breyttir tímar og að mínu mati finnst mér það ekki verra ef meistari ákveðins nemanda geti haft aðeins meiri inn grip. En það er auðvitað ef meistari kýs að fá að gera það.

Þeir sem ákveða að fara í húsasmíði eða einhverja iðn í skóla, verða að hafa það hugfast að það sem þú lærir í skólanum er auðvitað nauðsynlegt, en að fara út á vinnumarkað að þar er allt annar staðall á þessu.

Góður nemandi þarf að sanka að sér upplýsingum á meðan hann er á báðum stöðum, jafnt í skóla og á vinnumarkaði. Svo kemur það í ljós hvort að þú ert alger groddasmiður, skóflutittur, gluggasmiður eða stigasmíður, eftir ákveðna reynslu. Það er ekki þannig að þú ert nýkomin úr skóla og þú færð strax að koma þér í svipuð verkefni og þú gerðir í skólanum. Þetta fer oft þannig að þú ert beðin að skoða afhverju það er leki inná einhverjum þakkanti. Sem eftir smá athugun, sýnir að þakrennur eru aðeins troðfullar af skít og laufblöðum og vatnið fer út fyrir og gerir það sem það á ekki að gera. Og af því þú ert þarna ertu náttúrulega beðinn að taka það í burtu og allt í góðu.

Eða skipta um gler sem er brotið eða bara gamalt og ónýtt. Fyrsta reglan er sú að ALLTAF áður en gamla rúðan er tekin úr, verður að mæla nýju rúðuna og vera viss um að hún passi. Ekki taka gömlu rúðuna úr og sjá svo að nýja er 10 cm of stutt á breidd eða hæð.

Góður meistari þarna á ferð að panta vitlaust mál á rúðunni, get ég sagt. En þetta hefði getað farið betur ef maður hefði ákveðið að mæla helvítis rúðuna fyrst.

Þakkir.

Mig langar að þakka Heklu minni fyrir hjálpina og peppið á meðan náminu stóð og í lífinu yfir höfuð. Meisturum mínum Kristjáni og Sigga og hvað þeir hafa leiðbeint manni vel og dæmisögur þeirra hjálpa manni alveg helvíti mikið.

Valdimar Vetur, fyrir að lána mér bíl þegar ég nauðsynlega þurfti á að halda.

Ómar samnemanda, sem er núna að hugsa um rollurnar sínar. Marínó, fyrir Eurovision fróðleiksmolana, þótt mig langaði ekkert að vita það. Nonna, Eyþór

og Steindóri kennurum, fyrir hjálpina og peppið. Smára Hlíðberg, fyrir visku sína og snilld í vinnu jafnt og vinskapi. Ég nenni ekki að hafa þetta eins og einhverja þakkaræðu eldri manna svo ég þakka fyrir mig og þarf að koma mér, því ég frétti að þakrennuniðurfallið á lögreglustöðinni væri fullt af rusli. Mic drop.